

Enska í háskólanámi

1. Inngangur: Breytt staða ensku í heiminum

Á undanförunum árum hefur þeim fjölgað mikið sem nota ensku sem erlent mál í daglegu lífi við nám og störf. Á heimsvísu er sá hópur að margra mati orðinn mun fjölmennari en málnotendur sem hafa ensku að móðurmáli.¹ Aukin notkun ensku sem samskiptamáls (e. *English as a Lingua Franca*) meðal málnotenda sem ekki hafa ensku að móðurmáli hefur breytt fræðilegri umræðu um eðli enskunotkunar og enskukennslu. Í umfjölluninni hér á eftir verður reynt að gera grein fyrir þeim breytingum, fyrst með því að fjalla um nýjar skilgreiningar á eðli þeirrar ensku sem nemendur ensku sem annars og erlends máls eru líklegir til að nota í samskiptum. Hér er sérstaklega átt við samskipti á ensku við aðra sem ekki hafa ensku að móðurmáli. Þá verða rædd hugsanleg áhrif slíkrar endurskilgreiningar á ákvarðanir um hvað skuli vera markmál og áherslur í kennslu. Að lokum verður greint frá rannsókn á því að hve miklu leyti enska er notuð sem samskiptamál á meðal Íslendinga í íslenskum háskólum, og þá sérstaklega því hve mikið náms efni í íslenskum háskólum er á ensku. Rannsóknin er hluti af stærra þverfaglegu rannsóknarverkefni sem miðar að því að kortleggja enskufærni og enskunotkun Íslendinga og er styrkt af RANNÍS og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Höfundur er verkefnisstjóri. Auk hagnýtra markmiða er rannsókninni ætlað að vera framlag til fræði-

¹ David Crystal, *English as a Global Language*, Cambridge: Cambridge University Press, 2. útg., 2003.

legrar umræðu um tileinkun, kennslu og notkun ensku sem samskiptamáls.

2. Hvað er enska sem samskiptamál?

Kenningar um ensku sem samskiptamál eru hluti af fræðilegri umræðu undanfarinna áratuga um stöðu ensku sem alheimsmáls (e. *English as an International Language*). Umræðan á rætur sínar að rekja til skrifa Brajs Kachrus á níunda áratug síðustu aldar þegar hann flokkaði notkun og afbrigði ensku í þrennt: „innri hring“ (e. *Inner Circle*), þ.e. málafríggði notuð t.d. í Bretlandi, Bandaríkjunum, Ástralíu og víðar; „ytri hring“ (e. *Outer Circle*) sem nær til ensku sem notuð er í fyrrum nýlendum í Asíu og Afríku og loks hinn „víkkandi hring“ (e. *Expanding Circle*) sem spannar ensku allra þeirra sem ekki hafa ensku að móðurmáli en nota hana að staðaldri, m.a. í störfum við alþjóðlegar stofnanir eða í samskiptum við aðra sem ekki heldur hafa ensku að móðurmáli.² Þessi umræða varðar ekki einungis enskukennslu heldur réttmæti og viðurkenningu staðbundinna málafríggða sem ekki hafa verið talin til staðlaðrar viðurkenndrar ensku (e. *Standard English*) og því ekki notuð sem markmál í kennslu. Kachru taldi að gildi (e. *relevance*) námsins frá menntunar-, menningar- og stjórnmálalegu sjónarmiði myndi aukast ef enskukennsla tæki mið af raunverulegu málumhverfi málneoma. Í hnotskurn kallaði Kachru á endurskoðun á því hvaða málafríggði gætu talist viðurkennd markmál í menntunarstefnu í ljósi breyttrar stöðu ensku í heiminum.³ Þær raddir verða sífellt háværarar sem taka undir með Kachru og telja óraunhæft og óþarft að stöðluð enska, hvort sem hún er bresk eða amerísk, eigi að vera það viðmið sem liggur til grundvallar notkun og kennslu ensku fyrir alla. Kominn sé tími til að fleiri afbrigði enskunnar fái viðurkenningu, þar á

² Braj Kachru, *The Alchemy of English*, Oxford: Pergamon Press, 1986; Braj Kachru, „Teaching World Englishes“, *The Other Tongue. English Across Cultures*, ritstj. Braj Kachru, Urbana, (IL): University of Illinois Press, 1992, bls. 355–365.

³ Randolph Quirk, „Language Varieties and Standard English“, *English Today* 21/1990, bls. 3–10; Robert Phillipson, *Linguistic Imperialism*, Oxford: Oxford University Press, 1992; Henry Widdowson, „The Ownership of English“, *TESOL Quarterly* 28(2)/1994, bls. 377–389.

meðal þau afbrigði sem verða til í samskiptum þeirra sem ekki eiga hana að móðurmáli.⁴

Það má öllum vera ljóst að viðhorfsbreyting sem þessi hefur miklar fjárhagslegar, menntunarlegar og pólitískar afleiðingar. Fjárhagslegar breytingar felast í því að áhrif „innfæddra málfara“ minnka í útgáfu námsefnis og kennslu en kennsla ensku sem annars og erlends máls er fyrir löngu orðin iðnaður sem veltir milljörðum um heim allan.⁵ Menntunarstefna ætti samkvæmt þessu að taka mið af þeirri ensku sem notuð er í því mál- og menningarsamfélagi sem kennsla fer fram í, a.m.k. í „ytri hring“ málaafbrigða, fremur en að leitast við að kenna nemendum mál og menningu sem er fjarri þeirra reynsluheimi. Pólitísk áhrif þess að staða ensku sem samskiptamáls styrkist (þ.e. staða ensku sem markmáls óháð ákveðinni menningu) felast m.a. í viðurkenningu staðbundinna málaafbrigða; jafnvel afbrigða sem enginn hefur að móðurmáli. Um leið styrkist staða og vald málnotandans sem notar ensku sem annað eða erlent mál í málathöfnum hvort sem er í samskiptum við innfædda eða aðra. Allir sem setið hafa alþjóðlega fundi vita að þeir sem hafa best vald á því máli sem nýtur meistar virðingar hverju sinni hafa einnig mest áhrif á umræðuna. Ef enska sem erlent mál, einhvers konar millimál (e. *Interlanguage*) sem allir skilja, öðlast viðurkenningu sem samskiptamál styrkist staða þeirra sem það nota gagnvart innfæddu málhöfunum.⁶

Með hugsmíðinni „enska sem samskiptamál“ er ekki átt við nýtt afbrigði af ensku, þ.e. einhvers konar „alheimsensku“. Óraunhæft er að ætla að til verði staðlað form ensku sem samskiptamáls sem skilgreint verði sem sérstakt viðmið eða staðall og t.d. notað í kennslu. Engum dettur í hug að enska sem samskiptamál sé sér-

⁴ Sandra McKay, *Teaching English as an International Language. Rethinking Goals and Approaches*, Oxford: Oxford University Press, 2002; Vivian J. Cook, „Going beyond the Native Speaker in Language Teaching“, *TESOL Quarterly* 33(2)/1999, bls. 185–209; Jenny Jenkins, *The Phonology of English as an International Language. New Models, New Norms, New Goals*, Oxford: Oxford University Press, 2000; Barbara Seidlhofer, „English as a lingua franca“, *ELT Journal* 59(4)/2005, bls. 339–341.

⁵ Robert Phillipson, *Linguistic Imperialism*.

⁶ Robert Phillipson, „Language Policy and Education in the European Union“, *Language Policy and Political Issues in Education*, ritstj. Stephen May og Nancy H. Hornberger, New York: Springer, 2008, bls. 255–265; Barbara Seidlhofer, „VOICE. The Project's Progress“, lykilýrirllestur á ELFA-ráðstefnu í Háskólanum í Southampton 6.–8. apríl 2009.

stakt tungumál sem komi í stað bresks staðlaðs framburðar (e. *Received Pronunciation*) eða staðlaðrar amerískrar miðríkjaensku (e. *Standard American English*). Firth skilgreinir ensku í samskiptum sem „samskiptamál notað meðal fólks sem á hvorki sameiginlegt tungumál né sameiginlega menningu en velur að nota ensku sem erlent mál til samskipta“⁷ (þýð. höfundar). Seidlhofer⁸ tekur undir þessa skilgreiningu og segir að í raun sé um að ræða notkun ensku sem samskiptamáls meðal fólks með mismunandi móðurmál sem notar ensku þvert á tungumál og menningarheima í ákveðnum tilgangi, þ.e. með ákveðin samskiptamarkmið í huga. Þróun og einkenni ensku í samskiptum mótast því að einhverju leyti af því að mikill fjöldi málhafa með annað móðurmál notar hana og að innfæddir málhafar koma þar hvergi nærri. Við slík samskipti minnkar gildi menningarbundinnar málhegðunar sem og kvaðir um „rétt“ málnotkun. Krafa um að nota „rétt“ mál og „viðeigandi“ hegðun að hætti innfæddra hefur einmitt reynst mörgum málnotendum í „ytri hring“ og „víkkandi hring“ erfið.

Flestir líta ennþá svo á að innfæddir séu „gæslumenn“ enskunnar og að aðalinntak enskukennslu eigi að vera kennsla framburðar, orðfæris og menningar málnotenda í „innsta hring“.⁹ Á hinn bóginn er mikilvægt að mál- og menntastefnur þjóða og alþjóðlegra samtaka endurspegli raunverulegar þarfir málnotenda og viðurkenni málafrbrigði „ytri hrings“ og þau staðbundnu afbrigði sem verða til þegar málhafar með annað móðurmál nota ensku í samskiptum. Því staðreyndin er sú að það eru margfalt fleiri sem læra og nota afbrigði ensku sem ekki telst vera staðlað en þeir sem nota opinbert tungumál Bretlands og Bandaríkjanna. Hér er um að ræða réttindamál sem snýst um völd og áhrif eða málauð (e. *Linguistic Capital*).¹⁰

Rannsóknir sem leitast við að lýsa einkennum ensku sem samskiptamáls eru ekki fyrirferðarmiklar þegar þetta er skrifað. Mark-

7 „... a ‘contact language’ between persons who share neither a common native tongue nor a common (national) culture, and for whom English is the chosen *foreign* language of communication.“ Alan Firth, „The Discursive Accomplishment of ‘Normality’: On Conversation Analysis and ‘Lingua Franca’ English“, *Journal of Pragmatics* 26/1996, bls. 237–259, hér bls. 240.

8 Barbara Seidlhofer, „English as a lingua franca“, bls. 339.

9 Sama rit, bls. 17; Barbara Seidlhofer, „VOICE. The Project’s Progress“.

10 Pierre Bourdieu, *Language and Symbolic Power*, Cambridge: Cambridge University Press, 1991.

mið rannsóknanna er fyrst og fremst að lýsa málatriðum sem ein-kenna ensku sem samskiptamál og svo þeirri samskiptatækni eða -aðferðum (e. *strategies*) sem notaðar eru til að auðvelda gagnkvæman skilning. Jenkins lýsir þessum málatriðum þannig:

... hver sá sem er í alþjóðlegum samskiptum þarf að hafa á valdi sínu, og geta notað við viðeigandi aðstæður, ákveðin form tungu-málsins (hljóðkerfisfræðileg og málfræðileg) og orðaforða sem flestir þekkja og eru algeng í samskiptum enskunotenda sem hafa mismunandi móðurmál. Þetta er ástæða þess hve mikið er lagt upp úr aðlögun [e. *Accommodation*, innsk. höf.] að máli við-mælandans í rannsóknum á ensku sem samskiptamáli (þýðing höfundar).¹¹

Fyrstu rannsóknarverkefni á sviði ensku sem samskiptamáls lutu að talmáli, þ.e. hljóð- og hljóðkerfisformum, sérstaklega í Asíu og Miðausturlöndum.¹² Jenkins hefur m.a. skoðað mikilvægi fram-burðar á 'th'-hljóðum, þ.e. raddaða (/ð/) og óraddaða (/θ/) tann-mæltá önghljóðinu, og komist að því að málhafar skiljast þó að þeir beri fram hljóðin /z/, /s/ og /d/, /t/ í staðinn. Aðrir¹³ hafa skoðað málnotkun, s.s. hvaða samskiptaaðferðir þeir málhafar nota sem eru leiknir í samskiptum við aðra.

Hafin er söfnun mál- og málnotkunardæma í gagnabanka í þeim tilgangi að rannsaka orðanotkun og málfræðieinkenni ensku sem samskiptamáls. Markmiðið er að auðkenna þau málatriði sem hafa hamlandi áhrif í samskiptum, svo og þau málatriði sem skipta minna máli þegar kemur að skilningi. Í framhaldi af því mætti auðkenna atriði sem ber að leggja áherslu á í kennslu. Gagnabankinn sem er hýstur við háskólann í Vínarborg hefur fengið nafnið

¹¹ "... anyone participating in international communication needs to be familiar with, and have in their linguistic repertoire for use, as and when appropriate, certain forms (phonological, lexicogrammatical etc.) that are widely used and widely intelligible across groups of English speakers from different first language backgrounds. This is why accommodation is so highly valued in ELF research." Jenny Jenkins, „Current Perspectives on Teaching World Englishes and English as a lingua franca“, *TESOL Quarterly* 40(1)/2006, bls. 157–181, hér bls. 162.

¹² Jenny Jenkins, *The Phonology of English as an International Language*.

¹³ Joanne House, „Misunderstanding in Intercultural Communication. Interactions in English as a lingua franca and the Myth of Mutual Intelligibility“, *Teaching and Learning English as a Global Language*, ritstj. Claus Gnutzmann, Tübingen: Stauffenburg, 1999, bls. 73–89; Alan Firth, „The Discursive Accomplishment of ‘Normality’“.

VOICE (Vienna-Oxford International Corpus of English).¹⁴ Rannsóknir byggðar á upplýsingum úr VOICE-gagnabankanum hafa leitt í ljós nokkur máleinkenni sem ekki finnast í máli innfæddra en koma oft og reglulega fyrir í notkun ensku sem samskiptamáls án þess þó að hamla því að samræðufélagar skilji hver annan. Seidlhofer¹⁵ segir að þessi máleinkenni séu ekki endilega þær „villur“ sem miklum tíma er varið í að leiðrétta í kennslu. Á meðal þeirra almennu máleinkenna ensku sem samskiptamáls sem VOICE-gagnabankinn hefur leitt í ljós eru:

- Há tíðni sagna sem hafa almenna merkingu s.s. *do, have, make, put*
- 3. persónu *-s-i* í nútíð sagna er sleppt („She look very sad“)
- Notkun *who* og *which* („a book who“, „a person which“)
- Notkun *that*-liða í stað nafnháttar („I want that we discuss about my dissertation“)
- Ofnotkun forsetninga¹⁶ („we have to study about“ og „can we discuss about“)

Á hinn bóginn segir Seidlhofer¹⁷ að notkun orðtaka (e. *idioms*) og einhliða líkingamáls (e. *unilateral idomaticity*) sé það sem hamli helst skilningi í notkun ensku sem samskiptamáls og kallar eftir frekari rannsóknnum á því sviði.

Kenningar um ensku sem samskiptamál eiga sér einnig gagnrýnendur sem telja að ensku sem enginn hefur að móðurmáli og verður einkum til tímabundið, við tiltekin málalvik og málathafnir, sé ómögulegt að rannsaka og kenna og óæskilegt að læra. Á hinn bóginn segja þeir sem aðhyllast þessar nýju kenningar að ekki sé verið að hvetja til þess t.d. að kenna nemendum að nota ekki 3. persónu *-s*, heldur sé fremur verið að kalla eftir viðurkenningu á afbrigðum ensku sem ekki eru eins og mál innfæddra. Kennsla í ensku máli þurfi að taka mið af þörfum nemenda og raunverulegri málnotkun.

¹⁴ Barbara Seidlhofer, „Research Perspectives on Teaching English as a lingua franca“, *Annual Review of Applied Linguistics* 24/2004, bls. 209–239.

¹⁵ Sama rit, bls. 220.

¹⁶ Sama rit, bls. 220.

¹⁷ Sama rit, bls. 220.

Í Austurlöndum hefur verið lögð áhersla á rannsóknir á fram-
burði og talmáli. VOICE-gagnabankinn í Vín leggur áherslu á að
lýsa einkennum málfræði og orðaforða. Ekki hefur verið mikið
fjallað um ensku sem samskiptamál í námi en á Norðurlöndum
hafa áherslur á sviði ensku sem samskiptamáls þó einmitt verið á
akademíska ensku, þ.e. ensku í samskiptum (töluðum og rituðum)
í fræðimennsku og háskólakennslu.

3. Enska sem samskiptamál í háskólanámi á Norðurlöndum

Notkun ensku hefur aukist til muna í háskólasamfélögum á Norð-
urlöndum. Fræðimenn eru hvattir til að gefa út rannsóknir sínar á
ensku til að vera virkir þátttakendur í alþjóðlegri umræðu á sínu
fræðasviði. Mikill þrýstingur er einnig á háskóla, sérstaklega á
Norðurlöndum, að auka framboð námskeiða og námsleiða á ensku
í nafni alþjóðavæðingar og evrópskrar samvinnu.¹⁸ Það þykir sjálf-
sagt að háskólastúdentar á Norðurlöndum séu færir um að lesa
námsbækur á ensku.¹⁹ (Þess ber að geta að mikill munur er á ensku
talmáli sem er uppistaða þess enskuáreitis sem norræn ungmenni
verða fyrir í umhverfi sínu og akademískri ensku sem einkennir
texta námsbóka). Phillipson bendir þó á að enska sé ekki sam-
skiptamál í háskólum um alla Evrópu,²⁰ t.d. séu aðeins 1% ítalskra
háskólastúdenta færir um að lesa námsbækur á ensku á háskóla-
stigi. Svíar og Danir hafa sett fram markmið um að ná fram sam-
hliða færni (e. *parallel competence*) í móðurmáli og ensku á háskóla-
stigi og Finnar hafa hvatt til notkunar fleiri mála en finnsku í rann-
sóknnum, útgáfu og kennslu (aðallega ensku).²¹ Við Copenhagen
Business School í Danmörku eru öll námskeið kennd á ensku, líka
námskeið þar sem bæði kennarar og nemendur eru danskir.

¹⁸ Robert Phillipson, „English, No Longer a Foreign Language in Europe“, *The International Handbook of English Language Teaching*, ritstj. Jim Cummins og Chris Davison, New York: Springer, 2007, bls. 125–136; Robert Phillipson, „Language Policy and Education in the European Union“.

¹⁹ Robert Phillipson, „English, No Longer a Foreign Language in Europe“, bls. 126.

²⁰ Sama rit, bls. 125.

²¹ Sama rit, bls. 127.

Finnski málfræðingurinn Anna Mauranen er brautryðjandi á sviði notkunar ensku á háskólastigi með stofnun gagnabankans ELFA (English as a Lingua Franca in Academic Settings).²² Í Copenhagen Business School er hafin rannsókn á áhrifum notkunar ensku sem samskiptamáls milli kennara og nemenda á faglega færni nemenda. Við háskólana í Stokkhólmi, Árósum og Osló eru í gangi áhugaverðar rannsóknir á ástæðum þess að Erasmus-skiptinemar velja að koma til Norðurlandanna. Tæplega helmingur þeirra sem svöruðu kváðust hafa komið til Skandinavíu til að læra og nota ensku. Þeir nemendur sem ekki tiltóku þetta sem ástæðu voru þá spurðir sérstaklega hvort þeir hefðu komið til að auka færni sína í ensku og 60% aðspurðra svöruðu því játandi. Þess ber að geta að þau 40% svarenda sem ekki sögðust hafa komið til að bæta enskukunnáttu sína sögðu að það væri vegna þess að hún væri þegar nógu góð.²³ Nú er unnið að stofnun norræns rannsóknarhóps um notkun ensku sem samskiptamáls á Norðurlöndum sem Háskóli Íslands tekur þátt í.

4. Enska sem samskiptamál á Íslandi

Íslenskir háskólar hafa ekki farið varhluta af mikilli útbreiðslu ensku en óformleg könnun á kennsluskrá Háskóla Íslands fyrir skólaárið 2007–2008 leiddi í ljós að 276 námskeið voru kennd á ensku sem eru u.þ.b. 10% af öllum kenndum námskeiðum.²⁴ Af 301 námskeiði í Verkfræðideild og Raunvísindadeild²⁵ (nú Verk-

²² Anna Mauranen, „Current Trends in ELF Research“, lykilyfirlestur á ELFA-ráðstefnu í Háskólanum í Southampton 6.–8. apríl 2009.

²³ Tim Caudery, Margrethe Petersen og Philip Shaw, „Promoting lingua franca English in Europe“, fyrirlestur á ESSE 9-ráðstefnu í Háskólanum í Árósum 22.–26. ágúst 2008.

²⁴ Erfitt er að finna nákvæma tölu yfir fjölda námskeiða sem kennd eru í Háskóla Íslands á hverju ári. Í kennsluskrá ársins 2008–2009, sem reyndar er ári síðar en óformlega könnunin var gerð, voru birtar upplýsingar um alls 4600 námskeið, einstaklingsverkefni og ritgerðir. Um 2700 þeirra voru námskeið þar sem fimm eða fleiri nemendur voru skráðir. Sú tala er notuð sem viðmið hér því að í óformlegu könnuninni þar sem talan 276 var fengin voru hvorki talin með einstaklingsverkefni né ritgerðir. *Árbók Háskóla Íslands* 2008, bls. 51–52, http://www.hi.is/files/skjol/stjornsysla/skrifstofa_rektors/Arb_k_H__2008.pdf [sótt 16. desember 2009].

²⁵ *Kennsluskrá Háskóla Íslands*, <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=-2007&kennsluar=2007> [sótt 27. júní 2007].

fræði- og náttúruvísindasvið) voru 110 kennd á ensku.²⁶ Á upplýsingasíðu MBA-náms við Háskólann í Reykjavík kemur fram í inngangsorðum forstöðumanns að markmiðið sé að fjölga námskeiðum sem kennd eru á ensku þar sem enska sé mál alþjóðlegra viðskipta og þannig sé unnt að bjóða nemendum upp á námskeið sem kennd eru af helstu alþjóðlegu sérfræðingum á hverju sviði.²⁷ Könnun meðal 70 Erasmus-skiptinema við Háskóla Íslands vorið 2009 leiddi í ljós að 70% þeirra komu til Íslands til að bæta enskunnáttu sína.²⁸

Höfundur hefur áður fjallað um breytta stöðu ensku á Íslandi, þ.e. að enska sé ekki lengur erlent mál heldur að sumu leyti líkt öðru máli (tungumáli sem er lært í því umhverfi þar sem það er talað).²⁹ Endurskoðun á stöðu enskunnar hefur áhrif á málstefnu og einnig menntunarstefnu og framkvæmd þeirra. Ákveðin þversögn er fólgin í því að meginkennslumál íslenskra háskóla eigi að vera íslenska en á sama tíma eigi þeir að vera hluti af hinu alþjóðlega fræðasamfélagi.³⁰ Námskrár og þar með kennsla endurspegla það viðhorf að enska sé erlent mál á Íslandi rétt eins og danska, þýska og franska. Sömu markmið eru sett eftir hvert ár fyrir alla nemendur þó að raunveruleikinn sé sá að íslensk börn komi í skóla með mismikla færni í ensku vegna mismikils enskuáreitis í sínu nánasta málumhverfi.³¹ Íslensk börn læra „passíft“ (aðallega með hlustun) daglegt enskt mál í fjölbreytilegu merkingarlegu og myndrænu samhengi utan skólans sem leiðir til þess að þau ofmeta færni sína í ensku. Svo virðist sem ríkjandi kennsluhættir

26 Birna Arnbjörnsdóttir, „English in Iceland. Second Language, Foreign Language, or Neither?“, *Teaching and Learning English in Iceland. In Honour of Auður Torfadóttir*, ritstj. Birna Arnbjörnsdóttir og Hafðís Ingvarsdóttir, Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur/Háskólaútgáfan, 2007, bls. 51–78.

27 Finnur Oddsson, „Alþjóðleg færni í íslenskum háskólum“, *Vefsíða Háskólans í Reykjavík*, <http://www.ru.is/?PageID=1349&NewsID=1356> [sótt 20. júní 2007].

28 Óprentuð könnun sem nemendur í námskeiðinu Félagsmálvísindum gerðu vorið 2009.

29 Birna Arnbjörnsdóttir, „English in Iceland. Second Language, Foreign Language, or Neither?“.

30 *Íslenska til alls. Íslensk málstefna*, Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2009, bls. 42. http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/islenska_til_all_2009-11-06.pdf [sótt 10. desember 2009].

31 Lovísa Kristjánsdóttir, Laufey Bjarnadóttir og Samuel Lefever, *Úttekt á enskukennslu í grunnskólum veturinn 2005–2006*, Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 2006, bls. 37. Úttektin er einnig aðgengileg á <http://bella.mrn.stjr.is/utgafuskra/rit.adp?id=35172> [sótt 23. júní 2009].

styrki viðtökufærni.³² Ef enskuáreiti er mikið á Íslandi og Íslendingar nota ensku einkum sem samskiptamál, m.a. við aðra þá sem ekki hafa ensku að móðurmáli,³³ hlýtur það að hafa áhrif á stefnumótun um hvers konar markmið og markmál beri að leggja áherslu á í menntun. Einnig ber að hafa í huga að Íslendingar stunda nám sitt í auknum mæli á ensku, líka í íslenskum háskólum og í sérnámi hvers konar. En þegar íslenskir nemendur fara í háskólanám eða út í atvinnulífið reynir einmitt á lestur enskra texta og skólamál fremur en daglegt mál.

Því má spyrja hvort erlendir staðlar og námsstefnur séu heppilegustu fyrirmyndirnar þegar mótuð er stefna í tungumálanámi á Íslandi. Raunveruleg staða ensku, enskukunnáttu nemenda og þarfir þeirra fyrir ensku skipta máli við mótun menntastefnu og málstefnu, fyrir þátttöku í upplýsingasamfélaginu og í alþjóðlegri samvinnu og samkeppni á öllum sviðum atvinnulífs.

5. Rannsókn á stöðu ensku á Íslandi

5.1 Rannsóknarverkefnið „Enska á Íslandi“

Nýverið var ýtt úr vör rannsóknarverkefninu „Enska á Íslandi“. Rannsóknin er samvinnuverkefni fræðimanna og framhaldsnema á Hugvísindasviði og Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Verkefnið hefur að markmiði að bæta úr skorti á rannsóknum á stöðu og notkun ensku á Íslandi með því að kortleggja:

- eðli og umfang ensku í íslensku málumhverfi í gegnum sjónvarp, kvikmyndir, útvarp, tölvur, tónlist, fundi, ráðstefnur o.fl.
- samhliða tungumálanotkun (e. *parallel language use*) og málvíxl (e. *code-switching*), þ.e. að hve miklu leyti enska er notuð jafnhliða íslensku og til innskota í íslensku máli

³² Birna Arnbjörnsdóttir, „English in Iceland. Second Language, Foreign Language, or Neither?“.

³³ Lovísa Kristjánsdóttir, Laufey Bjarnadóttir og Samuel Lefever, *Úttekt á enskukennslu í grunnskólum veturinn 2005–2006*.

- notkun ensku í samskiptum í fyrirtækjum, í iðnaði og hjá hinu opinbera
- enskufærni íslenskra nemenda við upphaf formlegs náms, á öllum skólastigum og í atvinnulífinu
- hvort nemendur nái markmiðum námskrár í ensku og hvernig málfærni nýtist nemendum á næsta skólastigi á eftir
- kennsluaðferðir, námsefni og markmið námskrár og hvernig markmið mæta raunverulegum þörfum nemenda
- hvort og að hve miklu leyti áherslur í kennslu sem og enskufærni nemenda að loknum framhaldsskóla mæta þörfum þeirra í háskólanámi og í atvinnulífinu
- gildi enskukennslu fyrir nemendur bæði í námi og starfi að námi lokni
- eðli og umfang enskunotkunar í kennslu og námsefni á framhalds- og háskólastigi

Þátttakendur verða þversnið Íslendinga í námi og starfi. Áætlað er að rannsóknin taki þrjú ár. Undirbúningur er þegar hafinn og m.a. er verið að taka viðtöl við kennara um kennsluhætti og viðhorf til enskukennslu og stöðu enskukennslu. Þá er búið að semja og frumprófa kannanir á enskunotkun og málfærni á grunn-, framhalds- og háskólastigi. Niðurstöður hafa fengist úr einni könnun sem sýnir hversu mikið námsefni á háskólastigi er á ensku. Þeirri rannsókn verður lýst í næsta undirkafla.

5.2 Rannsókn á hlutfalli námsefnis á ensku í íslenskum háskólum


Mikið námsefni á háskólastigi er á erlendum tungumálum, einkum á ensku – og þá á akademískri ensku. Þannig hefur það löngum verið á Íslandi þó að enska hafi ekki alltaf verið hið ráðandi erlenda tungumál. Engar rannsóknir eru til á því hvaða áhrif þetta hefur á námsframvindu né hversu stór hluti þess námsefnis sem ætlast er til að nemendur tileinki sér er á ensku. Ráðist var í að kanna hið síðarnefnda vorið 2008. Rannsóknarspurningin var:

Hversu mikill hluti námsefnis á háskólastigi á Íslandi er á ensku haust og vor 2007–2008?


Gagnasöfnun fór fram með ýmsu móti; skoðaðir voru bókalistar, m.a. frá Bóksölu stúdenta, teknar voru saman upplýsingar af vefsíðum háskóla og farið var yfir bókalista frá einstökum deildum og sviðum. Upplýsingar fengust frá flestum deildum Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Landbúnaðarháskóla Íslands og Listaháskóla Íslands. Þess skal getið að greinar og annað efni sem kennarar láta nemendum í té er ekki talið með hér. Rannsakendur ætla að tekist hafi að telja svo til allar námsbækur og greinahefti sem notuð voru sem aðalnámsefni í námskeiðum skólaárið 2007–2008 í þeim háskólum sem rannsóknin náði til og að niðurstöður gefi því góða mynd af raunveruleikanum. Ekki reyndist þó unnt að fá nægilegar upplýsingar um námsefni Guðfræðideildar, Lyfjafræðideildar, Verkfræðideildar og Lagadeildar Háskóla Íslands þar sem fullgerðir bókalistar lágu ekki fyrir hjá Bóksölu stúdenta og ekki fengust nægileg gögn til að meta hversu há prósentu bóka er á ensku í þeim deildum. Á heimasíðu Lagadeildar kemur fram að meirihluti kennslubóka í grunnnámi sé á íslensku.³⁴ Af þeim fjórtán lýsingum á framhaldsnámskeiðum í Lagadeild Háskóla Íslands sem fengust haustið 2008 eru kennslugögn níu námskeiða alfarið á ensku og í hinum fimm er eitt námskeið með 75% og annað með 50% námsefnis á ensku. Af þessu má álykta að meirihluti námsgagna í framhaldsnámi í Lagadeild sé á ensku. Í Hugvísindadeild (nú Hugvísindasvið) eru tæplega 400 bækur á öðru tungumáli en ensku en um 600 á ensku. Þetta stafar af því að á Hugvísindasviði eru kennd íslensk fræði og erlend tungumál þar sem námsefni er eðlilega oftast á viðkomandi tungumáli (mynd 1). Niðurstöður könnunarinnar eru þær að námsefni á ensku er um og yfir 90% af öllu námsefni á háskólastigi á Íslandi.

Á mynd 1 má sjá hlutfall námsefnis á ensku við Háskóla Íslands. Y-ásinn gefur til kynna fjölda námsbóka.

³⁴ https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=030000_20086 [sótt 20. nóv. 2009].




Mynd 1. Í þáverandi Hugvísindadeild voru um 600 bækur á ensku en um 380 á öðrum tungumálum. Í öðrum deildum voru nær allar bækur á ensku.³⁵




Mynd 2. Í Háskólanum í Reykjavík sker Lagadeildin sig nokkuð úr þar sem enskar bækur voru heldur færri en bækur á öðrum tungumálum (íslensku?).³⁶

³⁵ Hug: Hugvísindadeild, Raun: Raunvísindadeild, Við & Hag: Viðskipta- og hagfræðideild, Læk: Læknadeild, Hjúk: Hjúkrunarfræðideild, Tann: Tannlæknadeild, Félags: Félagsvísindadeild.

³⁶ Kenn & Lýð: Kennslufræði- og lýðheilsudeild, Tölvu: Tölvufræðideild, Laga: Lagadeild, Tækni & Verk: Tækni- og verkfræðideild. Ekki fengust nægilegar upplýsingar frá Viðskiptadeild.



Mynd 3. Í Landbúnaðarháskóla Íslands voru allar námsbækurnar á ensku.



Mynd 4. Í Listaháskólanum voru rúmlega tveir þriðju af 440 bókatitlum á ensku.

Könnunin á hlutfalli námsefnis á ensku í íslenskum háskólum staðfesti það sem margir töldu sig þegar vita: að stór hluti námsefnis á háskólastigi á Íslandi er á ensku. Í raunvísindum er nær 100% námsbóka á ensku. Aðeins í erlendum tungumálum, íslensku og grunnnámi í Lagadeild er námsefni á öðrum tungumálum. Eins og áður er getið er hvorki námsefni sem kennarar dreifa sjálfir til nem-

enda og gæti verið á íslensku talið með né námsefni sem nemendur þýða að eigin frumkvæði. Óhætt er þó að segja að í mjög miklum meirihluta námskeiða við háskóla á Íslandi sé aðalnámsbókin á ensku og skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða val- eða skyldu námskeið né heldur hver kennir. Hitt er víst að niðurstöðurnar hljóta að vekja spurningar um hvaða áhrif það hefur á nám, námsframvindu og vinnuálag þegar íslenskir nemendur þurfa að tileinka sér námsefni á erlendu tungumáli í íslenskum skólum.

Rannsóknir á áhrifum ensku sem samskiptamáls á námstök og námsframvindu eru skammt á veg komnar og engar rannsóknir eru til enn þá sem skoða áhrif þess á tileinkun námsefnis þegar námsefni í námskeiðum sem kennd eru á móðurmálinu er næstum alfarið á erlendu tungumáli.

Í fáeinum rannsóknum hefur verið kannað hvaða áhrif það hefur á tileinkun námsefnis þegar enska er kennslumál í skólum utan enska málsvæðisins. Í samantekt Wilkinson frá 2005 kemur fram að engar skýrar niðurstöður hafa fengist úr þeim rannsóknum.³⁷ Enda þótt háskólanemendur séu ánægðir með notkun ensku í námskeiðum og telji sig vera betri í ensku á eftir sýna kannanir meðal hollenskra háskólanema að námsframvinda var heldur lakari í námskeiðum sem kennd voru á ensku en í sams konar námskeiðum sem kennd voru á hollensku.³⁸ Engin rannsóknanna skoðaði sérstaklega áhrif þess á námsframvindu að námsefnið var á öðru máli en kennslumálinu eins og þekktist á Íslandi og ekki fundust íslenskar rannsóknir á slíku. Í námskeiðum á Íslandi er þess í raun krafist að nemendur vinni samhliða með tvö tungumál með tilheyrandi málvíxlum. Brýnt er að gera rannsóknir á áhrifum slíkra málaðstæðna á tileinkun námsefnis.

³⁷ Robert Wilkinson, „The Impact of Language on Teaching Content. Views from the Content Teacher“, fyrirlestur á ráðstefnunni Bi- and Multilingual Universities. Challenges and Future Prospects, Helsinki 2. september 2005, <http://www.palmenia.helsinki.fi/congress/bilingual2005/presentations/wilkinson.pdf> [sótt 24. júní 2009].

³⁸ Sama rit.

6. Lokaorð

Notkun ensku sem samskiptamáls er staðreynd á Íslandi, a.m.k. í háskólanámi. Birtingarmyndir þessarar notkunar eru ekki endilega þær sömu og annars staðar þar sem enska er mikið notuð, t.d. í Austurlöndum nær og fjær þar sem flestar rannsóknir hafa verið gerðar. Niðurstöður rannsóknarinnar sem lýst er að ofan vekja því ýmsar spurningar sem vert er að leita svara við, þar á meðal þessar:

- Hversu vel eru nemendur undirbúnir til að takast á við akademíska texta á ensku?
- Hvaða áhrif hefur þetta mikil enskunotkun á námsframvindu og brottfall úr skóla?
- Hvaða námsaðferðum beita stúdentar til að takast á við námsefni á ensku?
- Hversu vel undirbúnir eru háskólakennarar til að kenna námsefni sem er á ensku?
- Hvaða áhrif hefur það á faglega orðræðu á íslensku að svo mikill hluti námsefnis er á ensku?

Rannsóknir sem leitast við að svara þessum spurningum eru þegar hafnar við Háskóla Íslands þó að niðurstöður liggi ekki fyrir þegar þetta er skrifað. En til þess að fá sem skýrasta mynd af enskunotkun og enskuþörf Íslendinga er brýnt að einnig verði rannsakað magn og eðli enskuáreitis á Íslandi og víðar þar sem farið er að nota ensku í auknum mæli sem samskiptamál í námi, menningarlífi og atvinnulífi. Aukning enskuáreitis hefur áhrif á eðli og magn enskukennslu á öllum skólastigum og það hversu vel nemendur eru undirbúnir til að takast á við nám og námsefni sem ekki er á móðurmálinu. Þá þarf að skoða hversu vel kennarar eru í stakk búnir til að sinna aukinni tungumálakennslu, jafnvel niður í leikskóla, og svo hvernig þeir eru undirbúnir til að kenna námsgreinar á ensku á efri skólastigum. Engar rannsóknir hafa verið gerðar á því héraendis hvernig nemendur og kennarar upplifa þessa kröfu um enskukunnáttu og hvaða áhrif hún hefur á nám, kennslu og fræðistörf.

Ljóst er að rannsóknir á ensku sem samskiptamáli á Íslandi eru tímabærar. Skilningur á stöðu ensku á Íslandi leiðir vonandi einnig

til betri skilnings á áhrifum samhliða tungumálanotkunar á fræðilega orðræðu á íslensku. En góður undirbúningur nemenda og kennara til að takast á við raunverulegar málaðstæður í íslenskum skólum er forsenda þess að nemendur geti tileinkað sér það náms efni sem fyrir þá er lagt.

ABSTRACT

English as a Lingua Franca in University Studies

This article includes a preliminary report of a three year study that has as its goal to map out the nature and amount of exposure to English in Iceland and the level of proficiency of Icelanders in education and at work. The article begins with a short discussion of recent developments in ways of thinking about the learning and use of English amongst those for whom English is not a native language. The use of English as a Lingua Franca in Iceland and other countries has implications for teaching and learning at all educational levels. It calls into question traditional emphases and the assumed target language in instruction if the native speaker is no longer the primary model. In Scandinavia, the focus of research has been on the use of English as a Lingua Franca in academia. The article concludes with a report and discussion of a study that found that 90 percent of required textbooks in university studies in Iceland are written in English.